

Ár 2008, þriðjudaginn 8. janúar, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn svofelldur úrskurður í áfrýjuðu máli nr. 9/2007:

Aðalsteinn Eyjólfsson

gegn

Handknattleikssambandi Íslands

Málið úrskurðar Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þessu var áfrýjað til dómsins með áfrýjun dagsettri 14. desember 2007 sem árituð var um móttöku hjá skrifstofu HSÍ hinn sama dag. Málið var þingfest 20. desember 2007. Málið var tekið til úrskurðar 7. janúar 2008 eftir að fyrirsvarsmönnum aðila hafði gefist kostur á að fjalla um um framkomna frávísunarkröfu varnaraðila málsins. Úrskurður er kveðinn upp í dag 9. janúar 2008.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-11.

**Dómkröfur áfrýjanda:**

Krafist er að úrskurður aganefndar [HSÍ] frá 12. desember [2007] verði ógiltur. Til vara er þess krafist að leikbann Aðalsteins [Eyjólfssonar] verði stytt og það miðað við fjölda leikja.

**Dómkröfur varnaraðila:**

Krafist er að málinu verði vísað frá Dómstól HSÍ.

**Málsástæður áfrýjanda:**

Áfrýjandi telur ákvörðun aganefndar byggða á röngum forsendum. Að hún styðjist við einhliða framlagningu gagna án þess að sjónarmið þess sem bannið hlýtur hafi fengið að koma fram. Ennfremur sé refsingin í ósamræmi við sambærileg tilvik og langtum þyngri en raunveruleg ástæða er til. Áfrýjandi hafi beðist afsökunar á þeim orðum sínum, sem svo ranglega var slegið upp af fjölmöldum og hafi gert það svo fljótt sem hinn 9. desember [2007] í þeim fjölmöli sem flestir handboltamenn á Íslandi lesi.

**Málsástæður varnaraðila:**

Varnaraðili telur málið ekki eiga undir Dómstól HSÍ þar sem heimild til áfrýjunar skorti í reglugerð fyrir aganefnd HSÍ.

## Niðurstaða dómsins:

Áfrýjun þessi varðar agaviðurlög sem aganefnd HSÍ hefur beitt áfrýjanda á grundvelli reglugerðar fyrir aganefnd HSÍ. Óumdeilt er með aðilum að hin refsiverðu ummæli áfrýjanda voru höfð uppi að loknum leik á milli Fram og Stjörnunnar í efstu deild kvenna hinn 6. desember 2007. Einnig er óumdeilt að aganefnd HSÍ hefur lögsgögu vegna þeirra ummæla sem áfrýjandi lét falla í kjölfar umrædds leiks.

Því er haldið fram af hálfu áfrýjanda að honum hafi ekki gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum að í þessu máli áður en aganefnd HSÍ úrskurðaði hann í leikbann til 1. febrúar 2008. Áfrýjandi var aðili málsins fyrir aganefnd og ummæli þau sem stjórn eða Framkvæmdastjórn HSÍ vísaði til aganefndar voru eftir honum höfð. Af fyrirliggjandi gögnum málsins verður ekki séð hvort áfrýjanda hafi verið gefinn kostur á að skila greinargerð í málínu eða hvort honum hafi verið gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum munnlega á framfæri fyrir aganefnd HSÍ. Í grein 8.8.2. fyrir aganefnd HSÍ segir að málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Fyrir liggar að greinargerð dags. 11. desember 2007 barst til aganefndar frá Stjörnunni. Stjarnan getur ekki talist aðili málsins fyrir aganefnd þó svo að áfrýjandi hafi verið þjálfari hjá því félagi þegar ummælin voru höfð uppi. Viðurlög aganefndar beinast að áfrýjanda en ekki að féluginu að öðru leyti en því að hann sem þjálfari félagsins getur ekki tekið þátt í leikjum á vegum félagsins á meðan leikbannið varir. Greinargerð Stjörnunnar hefur ekki verið lögð fram í þessu máli og því með öllu hulið hvort hún innihaldi sjónarmið áfrýjanda eða málvörn fyrir hann.

Dómstóll HSÍ hefur lögsgögu um hvort formlega hafi verið rétt staðið að málsmeðferð fyrir aganefnd HSÍ með vísan til 1. greinar laga um Dómstól HSÍ. Ákvæði í grein 8.4.5. í reglugerð fyrir aganefnd HSÍ kemur ekki í veg fyrir að Dómstóll HSÍ geti fjallað um hvort málsmeðferðarreglur hafi verið brotnar á áfrýjanda fyrir aganefnd HSÍ undir grein 8.8.1. í sömu reglugerð. Máli þessu verður því ekki vísað frá domi.

## DÓMSORD:

Máli þessu er ekki vísað frá domi.

Jóhannes Albert Sævarsson